

4. apríl 2016

Samkvæmt efnalögum er Umhverfisstofnun ætlað veigamikil hlutverk í því að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi. Varðandi það málefni sem þingsályktunartillagan nær til vill stofnunin taka fram að frá því að efnalög tóku gildin hefur fjölmargt gerst á þessu sviði sem er til þess fallið að auka vernd almennings gagnvart hættum af völdum efna.

Í því samhengi vill Umhverfisstofnunar benda sérstaklega á tvö atriði:

1. Frá því að efnalög tóku gildi hefur eftirlit með efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni aukist stórlega og má í þessu sambandi vísa til umfjöllunar um eftirlitsverkefni stofnarinnar sem hægt er að kynna sér á vef hennar. Slóðin er: <http://www.ust.is/atvinnulif/efni/eftirlit/eftirlitsverkefni/>.
2. Til að upplýsa almenning sérstaklega heldur stofnunin úti vef sem ber heitið „[Grænn lífsstíll](#)“ og er hann að stórum hluta helgaður því að upplýsa um hættur af völdum efna.

Varðandi texta þingsályktunartillögunnar vill stofnunin koma á framfæri tveimur neðangreindum athugasemdum:

1. Setninguna: „Það má því í raun segja að neytendum sé lítil greiði gerður og þessi „réttur“ neytenda frekar sýndarmennska en eitthvað annað“ færi e.t.v. betur að orða svo: „Það má því í raun segja að neytendum sé gert erfitt fyrir að nýta þenna rétt sinn“ því vissulega er þessi réttur til staðar samkvæmt lögum.
2. Í setningunni: „Í ljósi þess að löggjöf um efni og efnavörur verndar ekki neytendur og hefur í of miklum mæli tekið mið af hagsmunum framleiðenda þá er ábyrgðarluti af stjórnvöldum að sjá ekki til þess að neytendum sé tryggð góð upplýsingagjöf“ færi e.t.v. betur að nota orðalagið: „Í ljósi þess að löggjöf um efni og efnavörur veitir neytendum ekki næga vernd og hefur .... o.s.frv.“ því vissulega veitir löggjöfin vernd og upplýsingagjöf er til staðar.

Virðingarfyllt,

**Bestu kveðjur, Best regards**

Björn Gunnlaugsson  
Sérfræðingur, Advisor